



Einhverfa og fullorðinsárin

INGIBJÖRG ELSA BJÖRNSDÓTTIR M.A.

Krísan að vera einhverfur, vita það ekki og þurfa að verða fullorðinn!



- ▶ Átti mjög góða og örugga bernsku.
- ▶ Unglingsárin voru erfiðari. Fylgdi ekki hópnum. Þoldi ekki skemmtanalífið. Drakk ekki.
- ▶ Útskrifaðist sem stúdent 19 ára.
- ▶ Þá var ég komin í heim fullorðinna.
- ▶ Fannst fólk vera farið að gera kröfur til mín sem ég skildi ekki.
- ▶ Vissi ekki hvað ég vildi verða.
- ▶ Lenti í krísu og var komin til sálfræðings innan tvítugs.

Að vera fullorðinn og einhverfur en vita það ekki.

- ▶ Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera við sjálfa mig. Einhverfan var dulin.
- ▶ Fór að læra rússnesku og sagnfræði. Síðan jarðfræði.
- ▶ Horfði út um gluggann og dreymdi dagdrauma.
- ▶ Akademían var umburðarlynd og skilningsrík.
- ▶ Ég fékk tíma til að átta mig á hlutunum.
- ▶ Skólakerfið er mun sveigjanlegra heldur en vinnumarkaðurinn.



Var lengi í námi – erfitt að fara úr hreiðrinu

- ▶ Bjó í þrjú ár ein úti í Svíþjóð. Lærði umhverfisvísindi. Sú tilraun endaði aftur hjá sálfræðingi. Ennþá var einhverfan óþekkt.
- ▶ Kom aftur heim og flutti aftur heim til foreldranna – erfitt að komast úr hreiðrinu.
- ▶ Flutti endanlega að heiman um þrítugt.
- ▶ Fékk stúdíóíbúð á Fálkagötunni.
- ▶ Fékk vinnu hjá verkfræðistofu.
- ▶ Var að meika það...



Prinsipp eru prinsipp og það er ekkert verið að gefa eftir!

- ▶ Ég var mjög mikill umhverfissinni – hafði lært umhverfisefnafræði úti í Svíþjóð og lært um mengun og eyðileggingu lífsins á Jörðinni.
- ▶ Allt gekk vel á verkfræðistofunni í heil 8 ár. Það var langur tími.
- ▶ Þá komu KÁRAHNJÚKAR!
- ▶ Mér var boðið að starfa við Kárahnjúkavirkjun!
- ▶ Svart – hvít heimsmynd einhverfunnar.
- ▶ Prinsipp eru prinsipp!
- ▶ A. Ég er flughrædd og þorði ekki að fljúga endurtekið til Egilsstaða.
- ▶ B. Ég er bullandi lofthrædd og þorði ekki að standa uppi á stíflumannvirkinu.
- ▶ C. Ég var algjörlega á móti framkvæmdinni af siðferðilegum ástæðum.
- ▶ NIÐURSTAÐA:
- ▶ PRINSIPP ERU PRINSIPP!
- ▶ Ég sagði starfinu upp.


Var alltaf að fá störf á hinum íslenska vinnumarkaði og missa þau

- ▶ Fékk starf sem verkefnastjóri og heilbrigðisfulltrúi hjá Reykjavíkurborg.
- ▶ Var beðin vinsamlegast um að fara eftir 2 ár.
- ▶ Fékk vinnu hjá RANNÍS sem deildarsérfræðingur.
- ▶ Fékk ekki endurnýjaðan samning eftir 2 ár.
- ▶ Sat heima við eldhúsborðið án atvinnu.
- ▶ ÚTLITIÐ VAR SVART!



Lausnin var sjálfstæður atvinnurekstur og frekara nám!

- ▶ Hafði hafið nám í þýðingafraeði með vinnu hjá RANNÍS.
- ▶ Hringdi í þýðingastofuna SKJAL og fékk verkefni.
- ▶ Stofnaði síðan eigið fyrirtæki, Branduglu slf.
- ▶ Lauk M.A. í þýðingafraeði 2011.
- ▶ Fékk frílans vinnu hjá bandarískum þýðingastofum t.d. SDL – Microsoft.
- ▶ Hóf doktorsnám í þýðingafraeði 2014.
- ▶ Hef skapað mína eigin atvinnumöguleika.



Vantar Nýsköpunarsjóð einhverfra!

- ▶ Vantar nýsköpunarsjóð til að hjálpa einhverfum einstaklingum að starfa sjálfstætt sem listamenn, forritarar, teiknarar, þýðendur o.s.frv.
- ▶ Vantar nýsköpunarsjóð til að hjálpa einhverfum einstaklingum að stofna sín eigin fyrirtæki.
- ▶ Nauðsynlegt að hafa góða og heiðarlega endurskoðendur.
- ▶ Það er mjög gaman að starfa sjálfstætt.
- ▶ Atvinnulífið er of svifaseint að skilja hæfileika einhverfra einstaklinga.



Takk fyrir!

